Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf og skjöl fátækramála 1909-1910

## Aðfnr. 1018, örk 10

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

## Fátækranefndarfundur 9. sept. 1909.

1, Styrkveiting til handa Jóni Þorvarðarsyni til heimfarar
2, Um greiðslu á skuld Guðrúnar Gísladóttur
3, — — veðskuld Pjeturs Hafliðasonar. –
4, Rannsókn um hag Sigríðar Bjargar Jónsdóttur
5, Baldur Benediktsson biður um ábyrgð fyrir húsaleigu
6, Um greiðslu meðlags með barni Ásm. Ólafssonar
7, Jóhann Jónsson biður um auknum styrk. –
8, Um styrk til Guðrúnar Eyþórsdóttur
9, Marsibil Jónsdóttir biður um styrk. –
10, Samúel Ólafsson segir af sjer fulltrúastörfum. –

~~## Fátækranefndarfundur 23. sept. 1909. –~~

~~1, Styrkveiting úr Thorkilliisjóði~~
~~2, Greiðsla á skuld Pjeturs Hafliðasonar~~
~~3, do do Guðrúnar Gísladóttur. –~~
~~4, Styrkveiting handa Jóni Eiríkssyni. –~~
~~5, Ráðstöfun á barni Gróu Jörgensdóttur~~
~~6, Styrkbeiðni Guðbjargar Guðmundsdóttur.~~

Sjá Nr. 32-34 1910
fundur 23. sept. 1909. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vatnsleysustrandarhreppi
Brunnastöðum, 28 febr. 1909

Oss hefir borist í hendur bréf frá fátækranefnd Reykjavíkur dags. 30 des. með teknu 30. jan. Í bréfi því er farið fram á að Vatnsleysustrandarhreppur borgi 2/3 af styrk lögðum þurfam. Þorsteini Sæmundssyni á Vesturgötu 10.

Að Þorsteinn sé fæddur hér kemur oss ekki í hug að neita, en af öðrum ástæðum vill Vatnsleysustrandarhreppur ekki borga styrkinn. 1. að engin bindi fylgir frá styrkþurfa 2. að skýrslan er óformleg (64 gr. fátækralög 10. nóv 1905) 3. að styrkurinn er veittur í ágúst en krafan dags. 30. desember (66. gr. fátækral.)

Faðir Þorst. var hér við hreppaskiftin 1889 skift Njarðvíkurhr. með öllu sínu skyldu liði, og getur því verið álitamál hvort

B. Rvk. 15/ 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í Njarðvíkurhreppur (Keflavíkurhreppur) á ekki Þorstein, nema því að eins að miðað sé við 16 ára aldur á fjölskyldufólkinu.

Fyrir hönd hreppsnefndar
Virðingarfyllst
Á. Ásgeirsson
(Oddviti)

Bæjarnefnd Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Heidrada fátækra nemd.

Hjer með fir eg þess á leit við ydur ad þjer vildud gjöra þá Stóru bón sem eg hlit, ástæda minna vegna ad bidja ydur,

þessar eru ástædurnar ad beidni minni ad á Bæ minum Einars höfn á Selsholti, hvilir í Íslands banka skuld sem er á sjötta hundrad Kr og þar af á ad borga nima brádlega Rentur. Enn þad á eg ómögulegt med, og þad er bón sú sem eg bid ydur ad gjöra svo vel og borga firir meg. og ad þjer hafid nemdan bæ á samt allri til heirandi lód í vid firir þessari upp hæd,

Bærin er virtur á 1100 Kr firir utan töl virda lód sem honum filgir, sem er gjörd ...

Rvík 1909
46

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þar með lángar meg til
að meiga vera í bænum áfram
í ákvedin ef eg lifi

Eg vonast eptir því besta
í þessu Efni

Með virðingu

Einarshöfn 24 águst 1909

Marsibil Jónsdóttir

Til

fátækra nindarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með brjefi þessu leyfi eg mjer
virðingarfyllst að biðja hina Heið-
ruðu Fátækranefnd svo vel gjöra og
gefa Samþykki sit til þess að mjer
mætti veytast viðbót við meðlag mitt
af Fátækrasjóði. Eg hefi haft 15 kr
um mánuðinn. En þar eg sem allir
vita er blindur maður verð að borga fyrir
alla aðhlinningu. Ev get Ekkjert verk
unnið sem getur verið mjer til styrktar
þó eg við og við beri mig að skjera
tóbak þá er það Ekki teljandi sem lífi-
brauði þari er sú bón mín að mjer
mætti veytast 5 kr í viðbót altsvo í alt
20 krónur um mánuðinn. Eg vona að
fulltrúarnir Einkanlega þeir af
þeim sem kunnugastir er kjörum
mínum verði meðmæltir beiðni minni

Í Rvk. 9/3 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og ad þad álitist að ég beri þessa
bón mína fram fyrir nefndina af
þörf En ~~af~~ Ekki ad þarfleysu og
vona Ef mjer veitist bón min ad þad
mætti Reyknast frá 1 September, þ. á.

vyrdingarfyllst

Hverfis götu 28 – 4 September 1909

Jóhann Jonsson
(blindi)

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með því að dóttir mín Solveig Anika Emelía Berthelsen, sem er bæði heyrnar- og málleysingi, og nú er 25 ára gömul, og sem 21. júní þ. á. ól meybarn, sem skírt var Nikolína Berthelsen, og enn er föðurlaust, – er orðin mjer svo þungur ómagi, að jeg fátæktar minnar vegna, eigi get haldið hana með nefndu barni sínu, og hún auk þess er nú orðin svo ódæl og óviðráðanleg, að eigi eru tiltök um að jeg geti haft hana hjá mjer, – en mikil líkindi eru til að hún yrði hlýðnari og viðráðanlegri, ef hún væri á öðru heimili hjá vandalausum, – þá leyfi jeg mjer hjer með virðingarfyllst að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að taka þessa aumingja dóttur mína frá mjer, og koma henni fyrir á einhverjum öðrum stað gegn endurgjaldi af fátækrasjóði, því sjálfur er jeg alls ekki fær um að geta greitt meðlag með henni að neinu leyti. En jeg og kona mín erum fús á að hafa ofannefnt barn hennar hjá okkur, með því skilyrði að við fáum mánaðarlega með því af fátækrasjóði 8kr 35a, eða samtals 100 krónur á ári.

Nýlendugötu 15 í Reykjavík, 7. september 1909.

Virðingarfyllst.

N. S. Berthelsen.

Til
fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

F. Rvk. 95/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reikningur

til fátækrastjórnarinnar í Reykjavík

frá N. S. Berthelsen.

| 1909. | | Kr. | aur. |
|---|---|---|---|
| | Sængurlegukostnaður fyrir dóttur mína Solveig Anika Emelie frá 20. júní til 10. júlí þ. á. incl. samtals 21 dagar, – er að frádregnum launum ljósmóður, vökukonu, læknis og prests – 2 kr á dag // samtals | 42 | 00 |

Þessar fjörutíu og tvær krónur óska jeg að mjer verði, samkvæmt áður gefnu loforði borgarstjórans í Reykjavík, greiddar úr fátækrasjóði bæjarins.

Reykjavík, 9. september 1909.

N. S. Berthelsen.

F. Reik. 95/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með afsalsbrjefi, dagsettu 15. apríl 1901, seldi Jens prófastur Pálsson í umboði ekkjunnar Guðrúnar Gísladóttur, í Reykjavík, fátækrasjóði Reykjavíkur bæ nefndrar ekkju í Hafnarfirði, kallaðan „Hábæ", og með afsalsbrjefi, dagsettu 27. septbr. 1902, rituðu á kaupsamning, dags. 24. okt. 1901, selur fátækranefnd Reykjavíkur optnefndan bæ þennan Eyjólfi Árnasyni á Nýjabæ í Hafnarfirði. Í hvorugu þessara afsals-
./. brjefa, sem hjermeð fylgja í notarial-staðfestu endurriti, er getið um veðskuld, sem hvílir á bænum með fyrsta veðrjetti og sem nú er orðin eign verzlunarinnar „Nýhöfn", að upphæð upphaflega kr. 130,20, samkv. skuldbrj. dags. 25. júní 1890, sem hjer-
./. með fylgir í notarialstaðfestu endurriti; hvílir veðskuld þessi enn á bænum, sam-
./. kvæmt meðfylgjandi veðbókarvottorði bæjarfógetans í Hafnarfirði, dags. 23. þ. m.

Með dómi, uppkveðnum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 29. júlí þ. á., er fyrnefnd ekkja, Guðrún Gísladóttir, dæmd til að greiða fyrgreinda veðskuld (sem) þá er að eptirstöðvum kr. 117,20, auk vaxta, til Matthíasar kaupmanns Matthíassonar, hjer í bænum, fyrir hönd verzlunar-

J. Rok. 19/12 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Nýhöfn", og ennfremur er hún dæmd til að greiða stefnanda 15 Kr. í málskostnað.

Nú með því að stefnda, ekkjan Guðrún Gísladóttir, hefur eigi getað borgað hinar ídæmdu upphæðir, þá hefur skuldareigandi krafist borgunar á skuldinni af eiganda hins nefnda bæjar, Eyjólfi Árnasyni, að öðrum kosti gerði hann að leita fullnægingar í eigninni.

Í umboði eiganda nefnds bæjar, Eyjólfs Árnasonar, leyfi jeg mjer því hjermeð virðingarfyllst að snúa mjer til hinnar háttvirtu fátækranefndar Reykjavíkur kaupstaðar og fara þess á leit við hana að hún borgi úr fátækrasjóði framantilgreindar upphæðir: eptirstöðvar skuldarinnar, Kr. 117,20, 5% árvexti af þeirri upphæð frá 19. júní þ. á. og málskostnaðinn, kr. 15.00, með því að fátækranefndin selur bæinn með skuld þessari áhvílandi, án þess að geta um það við kaupanda, sem eigi var kunnugt um nefnda skuld þessa á bænum.

Eptirrit af framangreindum bæjarþingsdómi, fylgir hjermeð

Reykjavík, 24. ágúst 1909.

Indriði Gottsveinsson
(Skipstjóri)

Til
fátækranefndar Reykjavíkur kaupstaðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift
## úr
## dómabók Reykjavíkurkaupstaðar.

―――――――――――〃――――――――――

Ár 1909, þ. 29. júlí var á bæjarþingi Reykjavíkurkaupstaðar í málinu

112/1909 Mattías Mattíasson f.h. verslunarinnar Nýhafnar

gegn

Guðrúnu Gísladóttur

kveðinn upp svofeldur

dómur:

Stefnandinn Mattías kaupmaður Mattíasson fyrir hönd verslunarinnar Nýhafnar hefur höfðað mál þetta gegn stefndri Guðrúnu Gísladóttur Laugaveg 55 hjer í bænum og krafist þess, að hún verði dæmd til að greiða 117 kr. 20 a. skuld við nefnda verslun með 6% vöxtum frá sáttakærudegi 19. f. m. til borgunardags og málskostnað að skaðlausu.

Stefnd mætti ekki við sáttaumleitun í málinu 23. f. m., þótt hún

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

væri löglega kölluð og hefir engin forföll sannað. Ber því að dæma hana í sekt auk málskostnaðargreiðslu, samkvæmt tilskipun 11. ágúst 1819.

Stefnd hefir eigi heldur mætt fyrir rjettinum, í máli þessu, en henni er löglega stefnt. Verður því samkvæmt N. L. 1.4.32. og tilsk. 15. ágúst 1832, 8. gr. að dæma málið eptir skjölum þeim, er stefnandi hefir lagt í dóm, og ber þá að taka kröfur hans til greina, þó svo að vextir sjeu 5%. Sekt sú, er stefnd hefir til unnið samkvæmt framansögðu virðist hæfilega metin 10 kr. og málskostnaður 15 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Stefnd Guðrún Gísladóttir greiði stefnanda Matthíasi Matthíassyni fyrir hönd verslunarinnar Nýhöfnar 117 krónur 20 aura með 5% ársvöxtum frá 19. júní 1909 til borgunardags. Svo greiði hún 10 króna sekt, í landssjóð fyrir óþarfa málsýfing og stefnanda 15 kr. í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá löbirtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Jón Magnússon.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rjettaútskrift staðfestir

Sigurjón Markússon
ff

Gjald 50 —
fimtíu aurar.
Borg. Sig Markússon
ff

Ár 1909. Þriðjudaginn 3. ágúst höfum við undirskifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík birt framanritaðan dóm á heimili dómfeldu Guðrúnar Gísladóttur í húsinu No 35. við Laugaveg að henni fjærverandi fyrir Jóni Þorsteinssyni söðlasmið sem leigir henni þar í húsi sínu.

Þetta vottum við samkvæmt stefnuvotta eiði okkar og staðfestum með nöfnum okkar og innsiglum.

B Björnsson    Þór Árnason.

Gjald hér
króna Borgað
B. Þ.Á.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Veðbókarvottorð:

Samkvæmt skuldabrjefi, dags. 25. júní 1890
er bær Guðrúnar Gísladóttur í Hafnarfirði –
sé talinn einn úr gamalli – veðsettur kaup-
manni J. Egilssyni í Hafnarfirði með 1. veð-
rjetti til tryggingar skuld, að upphæð kr. 130.00,-
Það verður eigi af afsals- og veðmálabókum lög-
sagnarumdæmisins sjeð, að aðrar eða fleiri veð-
skuldir eða önnur veðbönd hvíli á bæ þessum,
og eignarheimild er eigi þinglesin.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði 23. ág. 1904.

Magnús Jónsson

Gjald: ein
króna greitt
Magnús Jónsson

F. Rok 92/1904

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit.

Samkvæmt umboði ekkjunnar Guðrúnar Gísladóttur í Reykjavík dags. 25. janúar síðastl. sel jeg hjermeð fátækrasjóði Reykjavíkur til fullrar eignar og umráða bæinn „Hábæ", er ekkja þessi hefur átt í Hafnarfirði, – ásamt afnotarjetti af lóð þeirri, er bærinn stendur á og umhverfis hann, að stærð 200 (tvö hundruð) □ faðmar, meðan bær þessi stendur þar, hver sem verður framvegis eigandi hans, gegn 3 (þriggja) króna árlegu lóðargjaldi til Garðaprestakalls. Sel jeg þessa eign fyrir umsamið verð 85 (áttatíu og fimm) krónur, sem mjer eru samstundis að fullu greiddar.

Staddur í Reykjavík 15. apríl 1901.

Jens Pálsson

\+ + +

Að eptirrit þetta sje orð fyrir orð samhljóða mjer sýndu frumriti, það vottast hjermeð eptir nákvæman samanburð.

Notarialskrifstofu Reykjavíkur, 24. ágúst 1909.

Borgað 12 – tólf – aurar.
J.S.

Jón Sigmundsson

92
1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit

Fyrir hönd fátækranefndar Reykjavíkur lofa jeg hjermeð að selja herra Eyjólfi Árnasyni á Nýjabæ í Hafnarfirði næstkomandi 14. maí bæ tilheyrandi fátækrasjóði Reykjavíkur, Eilífsdal á Snösinni í Hafnarfirði, fyrir 110 kr. – eitt hundrað og tíu – krónur, sem greiðast þannig: 20 kr. við undirskript þessa samnings, 40 kr. 14. maí næstkomandi og 50 kr. 1. október næstkomandi. Bærinn afhendist kaupanda til fullra afnota og umráða 14. maí næstk., og greiðir kaupandi öll gjöld af honum, þar á meðal lóðargjald til prestsins í Görðum, frá 1. jan. 1902. Heimilt er kaupanda nú þegar að girða lóðina sem honum fylgir, svo og að gjöra við bæinn að því leyti sem honum semur um það við núverandi íbúanda.–

Ef kaupandi bregður þessum samningi, eða stendur ekki í skilum með kaupverðið, á hann ekki apturkræft, það sem hann hefur borgað uppí það.–

Fyrir hönd fátækranefndarinnar.

Bæjarfógetinn í Reykjavík, 24. okt. 1901.

Halldór Daníelsson.

Samningi þessum er jeg samþykkur og

E. [illegible]

92

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leyfa að fullnægja honum.

St. í Reykjavík 24. okt. 1901.

Eyjólfur Árnason

Vitundarvottar:

Jón G. Sigurðsson

G. Guðmundsson.

Meðtekur í dag upp í kaupverð samkvæmt framanskrifuðum samningi 40 - fjörutíu - krónur og kvittast fyrir þeim.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 10. maí 1902.

Halldór Daníelsson.

Með því að umsamið kaupverð fyrir framangreindan bæ Kr. 110.00 er að fullu greitt af hr. Eyjólfi Árnasyni, afsalast honum hjermeð að fullu og öllu bærinn Nýibær í Hafnarfirði til eignar afnota og umráða frá þessum ~~degi~~× með öllum sömu réttindum, er seljandi hafði fyrir bænum og öllum sömu skyldum. Lóð sú sem bænum fylgir, er eign Garðaprestakalls og ber að greiða honum umsamið gjald af henni.

× Útstrykað ógi. J. S. f.h.

Fyrir hönd fátækranefndar Reykjavíkur.

Bæjarfógetinn í Reykjavík, 27. sept. 1902.

Halldór Daníelsson

Að eptirrit þetta sje orð fyrir orð samhljóða mjer sýndu frumriti, það vottast hjermeð eptir nákvæman samanburð.

Notarialskrifstofu Reykja-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

víkur, 24. apríl 1909.

Jón Sigurðsson

ftr.

Gjald 12 – tólf – aurar. Borgað

J. S.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift
úr
dómabók Reykjavíkurkaupstaðar

Ár 1909 þ. 29. júlí var á bæjarþingi Reykjavíkurkaupstaðar

í málinu:

Matthías Matthíasson
f.h. verzlunarinnar Nýhafnar
gegn
Guðrúnu Gísladóttir

kveðinn upp svofelldur

## Dómur

Stefnandinn Matthías kaupmaður Matthíasson fyrir hönd verzlunarinnar Nýhafnar hefur höfðað mál þetta gegn stefndri Guðrúnu Gísladóttir, Laugav. 55b býr á bænum og krafist þess að hún verði dæmd til að greiða 11 kr. 20 a. skuld við nefnda verzlun með 6% vöxtum frá sáttakærudegi 19. f. m. til borgunardags og málskostnað að skaðlausu.

Stefnd mætti ekki við sóttumleitun í málinu 23. f. m. þótt hún væri löglega kölluð og hefur engin forföll sannað. Ber því að dæma hana í sekt auk málskostnaðargreiðslu samkvæmt tilskipun 11. ágúst 1819.

Stefnd hefur eigi heldur mætt fyrir réttinum í máli þessu, en henni er löglega stefnt. Verður því sam-

S. Rvk. 93/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kvæmt N. L. 1-4-32 og tilsk. 15. ágúst 1832, 8 gr. að dæma málið eptir skjölum þeim, er stefnandi hefur lagt í dóm, og ber þá að taka kröfur hans til greina, þó svo að vextir sjeu 5%. Sekt sú, er stefnd hefur tilunnið samkvæmt framansögðu virðist hæfilega metin 10 kr. og málskostnaður 15 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Stefnd, Guðrún Gísladóttir greiði stefnanda Matthíasi Matthíassyni, fyrir hönd verzlunarinnar Nýhöfnar 117 kr. 20 aura með 5% ársvöxtum frá 19. júní 1909 til borgunardags. Svo greiði hún 10 kr. sekt í landssjóð fyrir óþarfa málsýfing og stefnanda 15 kr. í málskostnað.
Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlögðu lögaðför.

Jón Magnússon

Gjald 2 krón og fimm ~~[illegible]~~ aurar
Borg. S.M.
ft

Rjetta útskrift staðfestir
Sigurjón Markússon
ft

Með skipinu „Vesta", sem kom hingað til Reykjavíkur 14. þ. m., kom jeg hingað til bæjarins frá Ísafirði, áleiðis til framfærsluhrepps míns, Beruneshrepps í Suðurmúlasýslu.

Með því jeg eigi gat, þrátt fyrir beiðni mína, fengið neinn styrk til ferðarinnar hjá fátækrastjórninni á Ísafirði, en jeg hinsvegar eigi fær um að kosta hana af eigin efnum lengra en hingað til Reykjavíkur, þá leyfi jeg mjer, — með því jeg er hjer vegalaus og allslaus af peningum — virðingarfyllst að snúa mjer til hinnar háttvirtu fátækrastjórnar Reykjavíkur og fara þess á leit við hana að hún vildi veita mjer lán til fararinnar og til endurgjalds kostnaði fyrir dvöl mína hjer í bænum, gegn endurgjaldi frá fyrnefndum framfærsluhreppi mínum. Mjer mundi nægja 45 Krónur, en varla minna, með því að jeg hef konu og 3 börn.

Reykjavík. Kirkjustræti 2, 23. ágúst 1909.

Jón Þorvarðarson

Til
fátækrastjórnar Reykjavíkur kaupstaðar.

[illegible] Rech 91/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**STURLA JÓNSSON**

Telegr-Adr.: Sturla.
Talsími: 30.

Reykjavík ........................................ 1909
Post-Box: 43.

Hr. borgarstjóri Páll Einarsson!

Herra Sturla kaupmaður Jónsson hefir lofað Leigja mér að leigja mér 4 en lítil verelsi ásamt eldhúsi og geymslupláss í kjallara fyrir tuttugu og fimm krónur um mánuðinn sem mér sýnist sanngjarnt leigumáli. Leigutími eitt ár. Og með því að ég get ekki fengið húspláss annarsstaðar hjálpar beiðist ég þess hér með. Þessi leigumáli er fyrir utan vatnsskatt.

Rvík 28. August 1909

Baldur Benediktsson

F. Rvk. 90/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. Birni Jóhannssyni útródrar-
manni hjá Helga Kaupm. og Gudjóni Knudsyni
ber að greiða sveitarútsvar til Borg-
arfjarðarhrepps árið 1908 Kr. 3,00

Samtals Kr. 3.00

Sem borgist í reikning hreppsins.
við verzlan Helga Kaupm. Björnssonar
fyrir 16 þ. m.

Bakkagerði 15/10 08

Hreppsnefndin
Mjer greitt
[illegible]
oddviti

Innfært 16/10 [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reikningur

yfir kostnað við flutning þurfamannsins Jóns Þorvarðarsonar með konu og 3 börnum frá Reykjavík til Borgarfjarðar

| | | |
|---|---|---|
| Kostnaður við dvöl fjölskyldumannsins | Kr. | 12 |
| Fargjald . . . . | „ | 22 |
| Fæðispeningar . . . | „ | 11 |
| Samtals | Kr. | 45.00 |

Borgarstjór. í Rvík 26. ág. 1909. –

22.00
12.00
11.00

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909 þ. 2. september mætti fyrir mjer stúlkan Sigríður Björg Jónsdóttir í Lindarnaustum hjer í bænum og að gefnu tilefni gefur hún svofellda skýrslu um æfiferil sinn.

Hún er 33 ára fædd 1876 í Reykjavík. Hún fluttist þaðan þegar hún var á fyrsta árinu til Moldarhúsa á Álftanesi; þar dvaldi hún í 9-10 ár; þaðan fluttist hún aftur til Reykjavíkur og dvaldi þar í 5 ár; þaðan fluttist hún suður í Garð og dvaldi þar á Gauksstöðum í 4 ár; þaðan fór hún að Norðurkoti í Njarðvíkum og var þar í 4 ár; þaðan fluttist hún að Þverárkoti á Kjalarnesi og dvaldi þar í 6 ár. Meðan hún dvaldi þar varð hún veik og varð þá að fá fátækrastyrk, en sá styrkur er nú endurgoldinn. Frá Þverárkoti fluttist hún að Hofi á Kjalarnesi og dvaldi hún þar í 2 ár. þaðan fluttist hún að Nesi á Seltjarnarnesi og var hún þar í 2 ár. þaðan fluttist hún að Hofi á Kjalarnesi og dvaldi þar í hálfan mánuð en varð þá að hverfa þaðan aftur sökum þess að hún var svo lasburða að hún þoldi ekki að vinna og fluttist hún þá til Reykjavíkur og hefur verið þar síðan. Nú neyðist hún til þess að biðja um styrk með því að hún getur ekki sjeð fyrir sjer sökum veikinda, en vonar að geta endurgoldið hann bráðlega.

Upplesið samþykkt
Sigurjón Markússon
ff

Vottar:

[illegible]

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigríður Jónsdóttir, Ánanaustum

Júlí 28. vikuna styrkur kr. 30.00

Send hingað frá Kjalarneshreppi

Komið fyrir hjá ekkju Guðm. Guð-

mundssonar, Ánanaustum. —

Eiríkur frá Hvaleyrarholti:..

© R

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigríður Björg Jónsdóttir
33 ára, fædd í Hlíðarhúsum
í Hlíðarhúsunum, uppalin
í Moldarhúsunum á Álfta-
nesi, var þar til 8 ára aldurs
fór þá með föður sínum til
Reykjavíkur og var til
fermingar tíðar í bænum.
Fór þaðan með föður sínum
í Þykkvabæ og var þar 4 ár. þaðan
fór að Haukstöðum í Garði
og var þar og þaðan að
Norðurkoti í Vogum 14 ára
síðan hefur verið í. —

---

Var í ver á Þverárkoti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem lýsi, en hjeldi ekki
að vinna og bað um flutn-
ing hingað suður. Hún
er trúlofuð Helga Þórðarsy-
ni í Borgarfirði og ætlar
að giptast í haust. –

Faðir hennar er Jón Eiríksson
Mókhlöðustíg hann kefur
veita honum. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Biður um hjálp

**G. BJÖRNSSON**

landlæknir.

Viðtalstími firir sjúklinga: 10 – 11 árd.
Einnig heima virka daga: 7 – 8 síð.

Talsími: 18.

Guðrún Eiríksdóttir er brjóstveik, þarf að vera hjer í vetur undir læknishendi, en er ekki fær um að vera í vist eða vinna neina erfiðisvinnu

*Reikjavík* 7/9 19 09

G. Björnsson

*Nr.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur